

Mál nr. 233/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. júní 2025, ásamt fylgiskjöllum og myndbandi.
2. Bréf V, dags. 23. júlí 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. júlí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 22. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 4. mars 2024 slasast við byggingarvinnu á vegum X. Hafi M verið að störfum við byggingu húss og á leið upp á þak hússins í stiga. Stiginn rann undan honum á hálu svalagólfi með þeim afleiðingum að M féll niður og slasaðist. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins sem gerði takmarkaða úttekt á vettvangi í kjölfar slyssins og gaf út tvö fyrirmæli um úrbætur, annars vegar að endurskoða þá þætti skriflegrar áætlunar fyrirtækisins um öryggi og heilbrigði sem við eiga um slysið og svo hins vegar að tilkynna skuli slysið í slysskráningarkerfi Vinnueftirlitsins. Hefur M gert kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, hjá V vegna slyssins. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað. M telur að aðstæður umrætt sinn hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja. Hafnar M því að slysið megi rekja til eigin aðgæsluleysis. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra dóma Hæstaréttar. Það sé meginregla vinnuverndarlöggjafar að vinnuveitandi beri ábyrgð á öryggi starfsmanna sinna á vinnustaðnum, óháð eignarhaldi á búnaði sem notaður er í starfsemi hans. Því skipti það engu máli fyrir skaðabótaábyrgð X hvort stiginn hafi verið í þess eigu eða annars aðila á verkstað. M hafi verið vanur að taka frumkvæði við vinnu sína hjá X og hafði oft unnið sambærileg verk án beinna fyrirmæla. Hann hafi ákveðið að fara upp á þakið til að skoða stöðuna og meta hvaða verkefni þyrfti að framkvæma og úthluta þeim síðan til annarra. Umræddur stigi hafi verið notaður sem hluti af framkvæmdum og verkefnum sem M vann að fyrir vinnuveitanda sinn.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að samkvæmt upplýsingum frá X hafi ekki staðið til þennan umrædda dag að vinna upp á þaki hússins þar sem aðstæður og veður leyfðu það ekki. Kranamaður sem sé ótengdur X hafi beðið M að fara upp á þakið umræddan dag. M sé vanur og sérhæfður starfsmaður með sjö ára starfsreynslu hjá X. Hann hafi farið upp á þakið án samþykkis yfirmanna sinna og sótti til þess stiga sem var inni í húsinu. Á svölunum stillti hann stiganum ofan á klaka og snjó og fór upp í stigann með þeim afleiðingum að stiginn rann þegar hann var nánast kominn upp á þakið. Þá bendir V á að í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 sé nú skýrt kveðið á um að skýrslum Vinnueftirlitsins um rannsókn einstakra vinnuslysa skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum, auk þess sem rannsókn stofnunarinnar eigi ekki að miða að því að ákvarða sök eða ábyrgð. Því er alfarið mótmælt sem röngu og ósönnuðu að slys M megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað en sá rökstuðningur byggir á því að stiginn sem M sótti sjálfur og notaði hafi ekki verið stöðugur. Hann hafi ekki verið vanbúinn eða haldinn annmörkum. Það blasi við öllum að það að stilla upp stiga á hált undirlag hafi boðið hættunni heim. Máli sínu til stuðnings vísar V til nánar tilgreindra dóma Landsréttar.

Í viðbótarathugasemdam sínum hafnar M því að hafa haft vitneskju um að ekki hafi staðið til að vinna uppi á þaki hússins umræddan dag. Engin formleg verkstjórn hafi verið til staðar og engin munnleg eða skrifleg fyrirmæli bárust M um hvaða verkþætti skyldi vinna umrætt sinn. Þá ítrekar M fyrri röksemdir sínar og bendir jafnframt á að dómstólar hafi ítrekað stuðst við niðurstöður Vinnueftirlitsins við mat á málsatvikum og orsökum slysa.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi

á vinnustöðum ber atvinnurekanda að tryggja sem fyllst öryggi starfsmanna sinna á vinnustað. Ekki verður annað ráðið en að um hafi verið að ræða einfalt verk sem M tók sjálfur frumkvæði að vinna, án fyrirmæla yfirmanna sinna. M er vanur og reyndur starfsmaður með sjö ára starfsreynslu hjá X og verður því að gera ríkar kröfur til aðgæslu hans við val á aðferðum til verksins. Að gögnum málsins virtum verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til brota X gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglugerða settum á grundvelli þeirra. Því á M ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir